

# Smithætta fylgir veiðiferðum erlendis

Þeir sem fara til Evrópu eða annarra heimshluta á villisvína-veiðar þurfa að gæta ýtrustu smitvarna til að koma í veg fyrir að bera afríska svínapest milli landa. Pestin er í hraðri útbreiðslu og mikil ógn stafar af henni fyrir svínarækt í heiminum. Smit getur borist með mat-

vælum, fatnaði og ýmsum tækjum og tólum.

Veiran sem veldur afrískri svínapest getur m.a. borist með sýktum svínunum og sæði, hraú kjöti af sýktum dýrum, farartækjum, búnaði, fatnaði o.fl. Veiðimenn eru meðal þeirra sem þurfa sérstaklega að gæta sín á að dreifa ekki veirunni.

Afrísk svínapest er bráðsmitandi drepsótt í svínunum og hefur dreifst með villtum svínunum um Asíu, Afríku og Evrópu. Ekki er til nein meðhöndlun við sjúkdómnum og ekki er hægt að verjast honum með bólusetningum. Veiran sem veldur sjúkdómnum er ekki hættuleg fyrir fólk eða önnur dýr en veldur svínunum þjáníngum og dauða. Tjón fyrir landbúnað þar sem sjúkdómurinn kemur upp er gifurlegt.

Tilmæli til þeirra sem fara á villisvínaveiðar eru:

- Kynnið ykkur vel þær smitvarnareglur sem gilda í veiðilandinu.
- Þrífð og sóttreinsið tæki og skó áður en veiðilandid er yfirgefið.
- Þvoið notaðan fatnað í veiðilandinu. Sé það ekki mögulegt skal setja hann í poka og þvo í þvottavél án tafar þegar heim er komið eða fara með í hreinsun.
- Farið ekki á svínabú að nauðsynjalausu, hvorki innanlands né erlendis.
- Kynnið ykkur vel þær reglur sem gilda um innflutning á kjöti og veiðiminjar. Þær má finna á heimasíðu Matvælastofnunar, [www.mast.is](http://www.mast.is).

Tilmæli til svínabænda eru:

- Hafid stranga stjórn á aðgangi og umgangi gesta og starfsfólks á búinu.

**AFRÍSK SVÍNA-PEST**



Afrísk svínapest (ASF) er bráðsmitandi svínasjúkdómur. Sjúkdómurinn er ekki hættulegur fyrir fólk en veldur gifurlegu fjárhagslegu tjóni fyrir landbúnað. Bóluefni gegn sjúkdómnum eru ekki til.

Sem veiðimaður hefur þú möguleika á að uppgötva einkenni hjá svínunum snemma og skyldur til bregðast rétt við.

**Ekki dreifa sjúkdómnum.**

**ASF**  
drepur  
svín

×  
**Veiðimenn**  
Ekki vera smitberar svínadrepsóttar



## VIRÐIÐ ALMENNAR VARÚÐARREGLUR



Þrífð og sóttreinsið búnað á staðnum



Þrífð og sóttreinsið veiðiminjar á staðnum



Farið ekki á svínabú að nauðsynjalausu



- Tilkynnið dauð eða veik villisvín til dýraheilbrigðisfirvalda
- Virðid veiðibönn sem yfirvöld hafa sett
- Ef þú ferð reglulega inn á svínabú, ekki fara á villisvínaveiðar



Skiljið veiðiúrgang eftir á staðnum



Skiljið ekki eftir mat fyrir villisvín



Deilið ekki matvælum úr kjöti af veiddum dýrum með öðrum né færið dýr með þeim

Fyrir frekari upplýsingar:  
[www.oie.int/af](http://www.oie.int/af)

**Oie** ALPÍÐADÝRAHEILBRIGÐISSTOFNUNIN  
Verndum dýrin, varðveitum okkar framtíð

## KÆLI- & FRYSTI-BÚNAÐUR



### KLEFAR

Kæli- & frystiklefar í miklu úrvali.

Vottaðir gæðaklefar með mikla reynslu á Íslandi. Einfaldir í uppsetningu.



### HILLUR

fyrir kæli- & frystiklefa.

Mikið úrval og auðvelt að setja saman. Sérhannaðar fyrir matvæli.

Hafðu samband í síma 587 1300 og við sérsníðum lausn sem hentar þér!

# KAPP ehf

VÉLA-KÆLI & RENNIVERKSTÆÐI

- Fóðrið ekki svín með matarúr-gangi.
- Þrífð og sóttreinsið öll tæki og tól sem farið er með inn á búid.

**Thelma Dögg Róbertsdóttir**,  
dýralæknir svínasjúkdóma  
hjá Matvælastofnun